

Reykjavík,
19. febrúar 2018

Elín Oddný Sigurðardóttir
Velferðarráð Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Stjórn Geðhjálpar skorar á velferðarráð Reykjavíkurborgar að koma á fót dagúrræði fyrir fólk með tvíþættan vanda (geð- og vímuefnavanda), tryggja því fjölbreytt meðferðarúrræði og öruggt húsaskjól.


Sístækkandi hópur fólks með tvíþættan vanda er á vergangi í borginni vegna skorts á úrræðum. Ýta þarf úr vör átaki til að koma til móts við þennan hóp til lengri og skemmri tíma. Brýnt verkefni er að opna dagúrræði til tryggja einstaklingum í þessum hópi húsaskjól og koma í veg fyrir að þeir valdi truflunum í úrræðum fyrir aðra hópa.

Með sama hætti þarf að byggja upp fjölbreytt meðferðarúrræði til að koma til móts vanda hvers og eins á eigin forsendum. Hátt hlutfall fólks með tvíþættan vanda hefur glímt við flókinn geðrænan- og félagslegan vanda um langa hríð. Forsendan fyrir því að þessi hópur öðlist færni til að lifa sjálfstæðu lífi er að hann hafi aðgang að langtímameðferðarúrræði. Koma þarf á fót slíku úrræði fyrir bæði kynin hið allra fyrsta.

Síðast en ekki síst ber að tryggja viðeigandi húsnaði fyrir þennan hóp með tilheyrandi stuðningi og þjónustu af hálfu sveitarfélagsins.

Geðhjálp lýsir sig viljuga til að koma að þessari vinnu eins og þurfa þykir.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálpar,



Hrannar Jónsson

